

Vorsprengja

ÚTSALA  
50% AFSL  
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

svartir kjólar ~~14.990~~ nú: 7.495  
bolir ~~9.990~~ nú: 4.995  
leggings ~~4.990~~ nú: 2.495  
dragtarbuxur ~~14.990~~ nú: 7.495

OASIS  
SMÁRALIND / KRINGLAN / DEBENHAMS



Verkin heita Ímynd.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Faðirinn birtist á ýmsa vegu í verkum Maríu Guðrúnar.

## Verk úr perlum vekja athygli

Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands hefst í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á morgun. María Guðrún Rúnarsdóttir, sem útskrifast úr grafískri hönnun, vann með föðurímyndina í myndum úr perlum.

Myndir Maríu Guðrúnar eru sérstakar og vekja strax eftirtekt en úr fjarlægð virðist sem um litríkan útsaum sé að ræða. Hið rétta er að myndirnar eru perlaðar með perlum sem algengara er að leikskólabörn föndri með.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég nota perlur í verk mín en mér fannst það vel við hæfi því ég er að vinna með föðurímyndina hjá börnum í verkunum og í þeim er barnið að tjá sig um þá ímynd,“ segir María Guðrún. Hún hefur mikið verið að spá í íslenskar fjölskyldur, sem geta verið flóknar þar sem margir þekkja það að eiga tvo pabba, tvær mömmur og systkini um allar trissur.

„Ég þekki þónokkur dæmi þar sem fólk þekkir ekki pabba sinn. Verkin endurspeglar þessa brotnu mynd sem fólk hefur því oft af föðurnum, hvernig faðirinn birtist börnum í leik og hvernig ímyndin um hann þróast eftir því sem þau eldast. Þannig er hann hálfgerður Jesú í huga barnsins á einhverju tímabili.“



María Guðrún Rúnarsdóttir segist spennt fyrir því að prófa sig áfram með perlurnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Að velta föður, sem ekki er til staðar, fyrir sér er yfirleitt eitthvað sem fólk vex upp úr og þegar fólk öðlast meira sjálfsöruggi. Hugleiðingarnar tilheyra þá gjarnan fortíðinni að sögn listakonunnar. „Þess vegna fannst mér perlur vera tilvalinn efniviður í þetta en ég býst við því að vinna meira með perlurnar og prófa jafnvel að gera gamaldags útsaumaðar myndir.“ - jma

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?  
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid - sími 585 8330



NEMENDALEIKHÚSI JSB 2010

## NÝJASTA TÆKNI OG VÍSINDI

Borgarleikhúsinu  
26. 27. og 28. apríl, kl. 18 og 20

Um sýninguna:

Nemendur JSB kafa í heim vísindanna eftir dansefnivið. Varpað er ljósi á ýmis undur og tilraunir gerðar í gegnum dans og leik

Miðaverð 2.000 kr. - frítt fyrir 6 ára og yngri  
Miðasala er í Borgarleikhúsinu og á www.midi.is

DANSLISTARSKÓLI JSB



Verkið stendur á túninu við Strandleiðina í Reykjaneshæ.

### Heimur í nýju ljósi

BARNHÁTÍÐ VAR SETT Í REYKJANESBÆ SÍÐASTA VETRARDAG. HÁTÍÐIN STENDUR FRAM Á SUNNUÐAG OG ER ÞETTA Í FIMMTA SINN SEM HÚN ER HALDIN.

Markmið hátíðarinnar er að skapa foreldrum og börnum fjölbreytt tækifæri til frjórrar og gefandi samveru og stuðla þannig að fjölskylduvænum Reykjaneshæ. Söfnin í bænum, leik- og grunnskólar, íþróttafélög, tómstundafélög og menningarfélög taka virkan þátt.

Meðal þess sem gefur að líta í bænum er verkið „Að horfa á heiminn í nýju ljósi“ sem hefur verið sett upp á túninu við Strandleiðina í Reykjaneshæ. Verkið er gert úr fjórum litum af plexigleri og ryðfríu stáli. Hugmyndin er að börn og fullorðnir geti horft á umhverfið í gegnum litina: rauðan, gulan, grænan og bláan, og séð hvernig það breytist. Verkið er eftir listamanninn Guðmund Rúnar Lúðvíksson en Reykjaneshæur kostaði smíði og uppsetningu verksins sem var smíðað hjá Blikksmiðju Ágústar í Reykjaneshæ.

Nánari upplýsingar um dagskrá Barnahátíðarinnar er að finna á www.barnahatid.is.